



Reykjavík, 6. janúar 2022

MSS22010052

HH

Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi

Ellidaárdalur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 6. janúar 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. desember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 15. desember 2021 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi Elliðaárdals, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdalsins vegna fyrirhugaðra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegur - sem verða utan skipulagssvæðis. Minnkunin er til að samræma mörk deiliskipulags Elliðaárdals við nýtt deiliskipulag Arnarnesvegur. Framlenging Arnarnesvegur og gatnamótin við Breiðholtsbraut eru hluti af samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Aheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram tillaga meirihlutans að breytingu á deiliskipulagi sem er tilkomin vegna fyrirhugaðra gatnamóta Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegur sem verða utan skipulagssvæðis. Arnarnesvegurinn verður til þess að minnka þarf skipulagssvæði Elliðaárdalsins. Með öðrum orðum: Það er verið að ganga á Elliðaárdalinn. Arnarnesvegurinn skiptir ekki aðeins máli fyrir þróunarmöguleika fyrirhugaðs Vetrargarðs, umhverfi og þróunarmöguleika Vatnsendahvarfs heldur líka á efri hluta Elliðaárdals. Samt sem áður má ekki gera nýtt umhverfismat. Hverjir eru hagsmunir borgarinnar?

Ívar Vincent Smáráson
e.u.